

**Sp.**

**140. Tillaga til þingsályktunar**

[118. mál]

um rekstrar- og afurðalán til bænda.

Flm.: Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Kjartan Ólafsson, Helgi F. Seljan,  
Garðar Sigurðsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrar- og afurðalán.

Rekstrarlán til sauðfjárbúskapar verði aukin þannig, að þau verði a. m. k. 60% af skilaverði við upphaf sláturtíðar og séu veitt jöfnum höndum eftir því sem rekstrar- kostnaður fellur til.

Afurðalán miðist við að sölufélögum sé kleift að greiða minnst 90% af grundvallarverði við móttöku afurðanna. Lánin skulu breytast í samræmi við heildsöluverð, eins og það er ákveðið á hverjum tíma.

Uppgjörslán skulu nægja til að greiða bændum grundvallarverð að fullu, eins og það er í maímánuði á ári hverju.

Fóðurbirgðalán (hafislán) miðist við, að nægar birgðir fóðurvara séu tryggðar á hafíssvæðinu til sex mánaða frá áramótum.

**Greinargerð.**

Þingmenn Alþýðubandalagsins hafa í mörg undanfarin ár flutt þingsályktunartillögu um rekstrarlán til sauðfjorbænda, þar sem gert hefur verið ráð fyrir, að bændum yrði tryggð viðunandi lánaþingreiðsla, og miðað við, að lánin yrðu veitt frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og yrðu þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánnum. Tillagan hefur ekki náð fram að ganga. Hins vegar hafa kröfur bænda um aukna lánaþingreiðslu orðið háværari með hverju árinu sem liðið hefur og m. a. komið fram á fjölmönnum bændafundum víða um land.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var að Eiðum 29.—31. ágúst 1977, var m. a. fjallað um lánamál bænda. Fundurinn taldi „það ástand, sem nú ríkir í lánamálum landbúnaðarins, óviðunandi og gerir kröfur til þess, að úrbætur verði gerðar í þeim efnum. Vegna verðbólgu og einnig vegna stóraukinnar tækni-væðingar í landbúnaði hefur þörfin fyrir lánsfjármagn vaxið hröðum skrefum og þær lagfæringar, sem gerðar hafa verið, hvergi nærri fullnægjandi, og bendir fundurinn þá sérstaklega á rekstrar- og afurðalán og lán til þeirra, sem eru að hefja búskap, í því sambandi“.

Efni þessarar tillögu er í fullu samræmi við 1. lið ályktunar aðalfundar Stéttarsambandsins. Þegar liggur fyrir þinginu tillaga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, en það er einnig mjög brýnt mál.

**Fjármögnun rekstrarlána.**

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans námu rekstrar- og afurðalán til atvinnuveganna, sem fjármögnuð voru með endurkaupum Seðlabankans, í sept. s. l. samtals 22 682 000 kr. og skiptust þannig:

Landbúnaður .....	5 604 millj. kr.
Sjávarútvegur .....	14 562 millj. kr.
Iðnaður .....	2 394 millj. kr.

Samtals 22 682 millj. kr.

Bundnar innistæður viðskiptabanka hjá Seðlabanka Íslands, sem einkum hafa verið hugsaðar til að standa undir rekstrar- og afurðalánnum til atvinnuveganna, námu á sama tíma 20 290 millj. kr. og höfðu aukist um 11 696 millj. kr. síðan á árinu 1974.

Eftirtektarvert er, að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa aukist mjög verulega á seinustu þremur árum, eða úr 4 638 millj. kr. í sept. 1974 í 14 493 millj. kr. í sept. 1977. Aukningin nemur 9 855 millj. kr. Skuld þessi hefur staðið lítt breytt um langt skeið og var t. d. í sept. 1976 13 337 millj. kr.

Áður en núverandi ríkisstjórn kom til valda þótti sjálfsagt að ríkissjóður og ríkisstofnanir greiddu skuldir sínar við Seðlabankann nokkurn veginn í árslok, enda er ráð fyrir því gert í 14. gr. 2. mgr. l. nr. 10 1961, um Seðlabankann. Sem dæmi má nefna, að skuldastaða ríkis og ríkisstofnana við bankann var:

í árslok 1971 .....	512 millj. kr.
í árslok 1972 .....	234 millj. kr.
í árslok 1973 .....	1440 millj. kr.

Hins vegar er ljóst, að eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda hefur ríkissjóður fengið varanlegt rekstrarlán hjá Seðlabanka Íslands sem numið hefur 13—14 þús. millj. kr. í seinni tíð. Ef aðeins helmingi þessa fjár hefði verið varið til að auka rekstrarlán til atvinnuveganna og þá einkum iðnaðar og landbúnaðar hefði vandi þeirra verið leystur á fullnægjandi hátt.

Að því hlýtur að koma, að ríkissjóður hefji greiðslu þessara miklu skulda við Seðlabankann, og virðist sjálfsagt að það fjármagn verði að einhverju leyti hagnýtt til að stóruka rekstrarlán til atvinnuveganna.